

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.**

7. gr.

2. másl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda.**

8. gr.

3. másl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

## V. KAFLI

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. desember 1995.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Þorsteinn Pálsson.***LÖG****um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,  
nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. desember 1995.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*